

Fyrirspurn

til utanríkisráðherra um samningsmarkmið í aðildarviðræðum við Evrópusambandið.

Frá Vilhjálmi Bjarnasyni.

1. Er vinna hafin við gerð samningsmarkmiða vegna aðildarviðræðna við Evrópusambandið í eftirfarandi málaflokkum:
 - a. landbúnaðarmálum,
 - b. sjávarútvegsmálum,
 - c. byggðamálum,
 - d. gjaldmiðilsmálum.
2. Ef svarið er já, hve langt er sú vinna komin í hverjum málaflokki fyrir sig? Hver eru markmiðin? Höfðu þau verið kynnt fyrir viðsemjendum Íslands?
Í þeim málaflokkum þar sem samningsmarkmið eru ekki tilbúin er óskað eftir því að birt verði síðustu drög undirnefnda í málaflokkunum eins og þau voru kynnt aðalsamninganefnd.

Skriflegt svar óskast.

